

# Bókaskýrsla


## Lýsing á verkefni

Pú átt að skrifa um það bil **einnar síðu bókaskýrslu** og hanna **forsíðu** á verkefnið.

Pú átt að gefa greinargott yfirlit yfir bókina, setja fram eigin afstöðu til efnis bókarinnar og rökstyðja hana.

## Námsmarkmið

Markmið og tilgangur verkefnisins er að **efla lesskilning**; þjálfun í að **skrifa skipulagðan og vandaðan texta**; og æfing í að **ígrunda** það sem þú lest, setja fram **eigin afstöðu** eða **túlkun** á bókinni og **rökstyðja**.

Hæfniviðmið	Viðmið um árangur
<b>Íslenska: Lestur og bókmenntir</b>  Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.	<input type="checkbox"/> Ég skrifa <b>hnitmiðaða</b> frásögn þar sem ég segi frá söguþræði bókarinnar í stuttu máli. Aðalatriðum en ekki allri bókinni í smáatriðum. <input type="checkbox"/> Ég skrifaði um persónur bókarinnar, hvenær og hvar bókin gerist og boðskapinn eða skilaboð höfundar til lesanda.
<b>Íslenska: Ritun</b>  Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.	<input type="checkbox"/> Ég mynda mér skoðun á efni bókarinnar og útskýri hana <input type="checkbox"/> Ég tek afstöðu til einhvers sem gerist eða er sagt frá í bókinni og útskýri hana <input type="checkbox"/> Ég rökstyð skoðun mína og afstöðu <input type="checkbox"/> Ég tek dæmi úr bókinni til þess að rökstyðja það sem ég skrifa (t.d það sem einhver sagði, það sem einhver gerði).
<b>Íslenska: Ritun</b>  Nemandi getur beitt skipulögðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.	<input type="checkbox"/> Það er lítið um stafsetningar- og málfarsvillur. Ég fékk foreldra til að lesa yfir <input type="checkbox"/> Ég skipti textanum í inngang, meginmál og lokaorð. <input type="checkbox"/> Ég skipti textanum í málsgreinar og efnisgreinar. <input type="checkbox"/> Ég skipti meginmáli að lágmarki í tvo kafla, annars vegar um inntak bókarinnar og hinsvegar um mína túlkun og rökstuðning

<u>Kaflar</u>	Hvað þarf að koma fram
<u>Inngangur</u>	<input type="checkbox"/> Heiti bókar <input type="checkbox"/> nafn höfundar <input type="checkbox"/> útgefandi <input type="checkbox"/> útgáfustaður og útgáfuár
<u>Meginmál</u>	<input type="checkbox"/> Söguþráður: Segðu frá efni sögunnar, stutt og markvisst. <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Persónur bókarinnar og sögumaður/sjónarhorn</li> <li><input type="checkbox"/> Umhverfi - Hvar sagan gerist</li> <li><input type="checkbox"/> Tími - Hvenær gerist sagan og á hvað löngum tíma?</li> <li><input type="checkbox"/> Boðskapur sögunnar? Vill höfundur koma einhverju á framfæri með sögunni?</li> </ul> <input type="checkbox"/> Túlkun og rökstuðningur <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Settu fram þína skoðun og afstöðu</li> <li><input type="checkbox"/> Útskýrðu skoðun þína og afstöðu</li> <li><input type="checkbox"/> Settu fram rökstuðningur fyrir afstöðu þinni og skoðun</li> <li><input type="checkbox"/> Taktu dæmi úr bókinni til að styðja við það sem þú segir</li> </ul>
<u>Lokaorð</u>	<input type="checkbox"/> Samantekt. <input type="checkbox"/> Endursegðu það sem þú sagðir frá í meginmálinu í mjög stuttu máli. <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Um hvað er sagan 1-2 setningar.</li> <li><input type="checkbox"/> Boðskapur eða skilaboð 1-2 setningar</li> <li><input type="checkbox"/> Þín túlkun og afstaða 1-2 setningar</li> <li><input type="checkbox"/> Niðurstaða 1-2 setningar</li> </ul>
<u>Frágangur</u>	<input type="checkbox"/> Forsíða. <input type="checkbox"/> Lengd 1 bls <input type="checkbox"/> 1.5 línubil <input type="checkbox"/> 12 punkta letur <input type="checkbox"/> Munið að lesa vel yfir málfar og stafsetningu áður en þið skilið